



Fundargerð

Tilv. 1501028/1.7

Fundur:	Grisjunarráð 6/2015.
Dagsetning og tími:	26. ágúst 2015, kl. 12.
Boðaðir:	Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir:	Allir mættir.
Fundarritari:	Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

Dagskrá:

1. Grisjunarbeiðni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins dags. 7. maí 2015 – fylgiskjöl bókhalds.
2. Grisjunarbeiðni Íslenskra orkurannsókna dags. 11. maí 2015 – fylgiskjöl bókhalds.
3. Grisjunarbeiðni Námsgagnastofnunar dags. 22. maí 2015 – fylgiskjöl bókhalds.
4. Breyting á sýnishornatöku sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3. júní 2015 – sundurliðun staðgreiðslu opinberra gjalda.
5. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – fylgiskjöl bókhalds.
6. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – CP gögn.
7. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – eftirritunarskyldir lyfseðlar.
8. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – niðurfellt markaðsleyfi.
9. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – undanþágulyfseðlar.
10. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 20. ágúst 2015 – CMS gögn.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Grisjunarbeiðni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins dags. 7. maí 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1505009).

Beiðnin var samþykkt. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

2. Grisjunarbeiðni Íslenskra orkurannsókna dags. 11. maí 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1505012).

Beiðnin var samþykkt. Íslenskum orkurannsóknum er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn



fyrirnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

3. Grisjunarbeiðni Námsgagnastofnunar dags. 22. maí 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1504037).

Beiðnin var samþykkt. Námsgagnastofnun er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn fyrirnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

4. Breyting á sýnishornatöku sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3. júní 2015 – sundurliðun staðgreiðslu opinberra gjalda (málsnr. 1503026).

Beiðni barst um breytingu á fyrri ákvörðun grisjunarráðs vegna grisjunarheimildar á sundurliðun staðgreiðslu opinberra gjalda og skilyrði um að varðveita sem sýnishorn öll fyrirnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Sundurliðun staðgreiðslu opinberra gjalda er raðað í kennitöluröð en ekki tímaröð eins og aðrar gerðir skjala sem flokkast sem fylgiskjöl bókhalds.

Ákveðið að heimila breytta sýnishornatöku. Varðveita skal sem sýnishorn sundurliðun staðgreiðslu opinberra gjalda sem nemur tveimur skjalaöskjum þar sem greiðendur eru einstaklingar og sem nemur tveimur skjalaöskjum þar sem greiðendur væru lögaðilar fyrir ár sem enda á 0 og 5. Varðveita skal sem sýnishorn fyrstu tvær öskjur í hvorum skjalaflokki.

5. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1507029).

Beiðnin var samþykkt. Lyfjastofnun er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn fyrirnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

6. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – CP gögn (málsnr. 1507032).

Beiðnin var samþykkt. Lyfjastofnun er heimilt að eyða umbeðnum innsendum gögnum frá markaðsleyfishöfum vegna miðlægt skráðra lyfja þegar hagnýtu gildi er lokið með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn eina öskjum af fyrirnefndum skjölum fyrir ár sem enda á 0 og 5.

7. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – eftirritunarskyldir lyfseðlar (málsnr. 1507031).

Beiðnin var samþykkt. Lyfjastofnun er heimilt að eyða eftirritunarskyldum lyfseðlum sjö árum eftir myndun þeirra.



8. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – niðurfellt markaðsleyfi (málsnr. 1507033).

Beiðnin var samþykkt. Lyfjastofnun er heimilt að eyða innsendum gögnum frá markaðsleyfishöfum/umboðsmönnum vegna lyfja sem hafa ekki markaðsleyfi á Íslandi einu ári eftir að markaðsleyfi lyfs hefur verið fellt niður.

9. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 17. júlí 2015 – undanþágulyfseðlar (málsnr. 1507030).

Beiðnin var samþykkt. Lyfjastofnun er heimilt að eyða undanþágulyfseðlum sjö árum eftir myndun þeirra.

10. Grisjunarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 20. ágúst 2015 – CMS gögn (málsnr. 1508022).

Beiðnin var samþykkt. Lyfjastofnun er heimilt að eyða gögnum vegna umsókna um markaðsleyfi lyfja þar sem Lyfjastofnun ber ekki ábyrgð á mati. Áréttað er að Lyfjastofnun ber að tryggja varðveislu innsendra fylgibréfa umsókna sem stíluð eru á Lyfjastofnun og gögn sem orðið hafa til hjá stofnuninni við vinnslu umsókna. Varðveita skal gögnin á pappír þar til heimild til varðveislu gagnanna á rafrænu formi fæst frá Þjóðskjalasafni Íslands.

Fundi slitið kl. 13:10.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)